



Hundaskóli Heiðrúnar Klöru

- Skilmálar -

GREIÐSLUFORM

Lesi þarf skilmálana áður en greitt er fyrir námskeið.

Plássið á námskeiðinu er ekki staðfest fyrr en greitt hefur verið staðfestingargjald eða fullt námskeiðsgjald.

Greiða þarf fyrir námskeiðið í síðasta lagi 7 dögum áður en námskeið hefst. Staðfestingargjald er greitt við skráningu ef meira en 7 dagar eru þar til námskeiðið hefst.

Hægt er að greiða með millifærslu á reikning hundaskólans eða með kreditkorti í gegnum greiðslusíðu Borgunar á netinu. Þegar skráning er móttækin verður sendur tölvupóstur með greiðsluupplýsingum.

VEIKINDI/FJARVISTIR

Ef um veikindi er að ræða (hjá eiganda eða hundi) í byrjun námskeiðs fær hundaeigandi að byrja í tíma tvö eða þrjú og fá að vinna inn tímann með öðru sambærilegu námskeiði eins fljótt og hægt er.

Ef um lengri veikindi er að ræða þarf hundaeigandi að velja seinna námskeið.

Ef hundaeigandi missir úr tíma vegna veikinda á hann þess kost að sækja tíma á öðru sambærilegu námskeiði. Ef tík byrjar að lóða á tímabilinu þarf hún að taka pásu og halda áfram á seinna námskeiði. Námskeið fæst ekki endurgreitt vegna veikinda eða fjarvista.

ATHUGIÐ

Til þess að fá fjarvist úr tíma bætta þarf að láta vita fyrirfram. Ef forföll eru ekki tilkynnt þá verður tíminn ekki bættur og telst til fjarveru sem getur haft áhrif á afslátt frá hundaleyfisgjöldum.

Ef hundaeigandi mætir ekki í tímann sem hann er að bæta upp, missir hann réttinn til að bæta upp tímann án endurgjalds. Ef hann vill síðar bæta við tíma til að geta lokið námskeiði og fengið viðurkenningu er það á ábyrgð hundaeiganda að hafa samband til að hægt sé að finna námskeið sem hægt er að bæta honum í, og þá kostar hver tími 3.000 kr. Hundaeigandi skal greiða fyrirfram með millifærslu.

VAKTAVINNA

Þeir hundaeigendur sem vinna vaktavinnu og geta þar af leiðandi ekki mætt í alla tímana geta samið um það fyrirfram að sækja þá tíma sem þeir missa úr á öðru sambærilegu námskeiði.

AFBÓKUN

Það má afpanta pláss á námskeiði hvenær sem er án skuldbindinga hafi greiðslan ekki verið framkvæmd. Hafi greiðslan verið framkvæmd og þið þurfið að afbóka, þarf að hafa samband skriflega á heidrunklara@heidrunklara.is og tilgreina ástæður afbókunar.

Sé afbókað minnst 3 dögum fyrir upphaf námskeiðs er endurgreitt að fullu.

Ef afbókun á sér stað þegar minna en 3 dagar eru í námskeið, stendur hundaeiganda til boða að byrja á öðru námskeiði. Gildir slíkt tilboð í eitt ár frá afbókun.

Ef ekkert námskeið verður valið á þeim tíma verða námskeiðsgjöldin ekki endurgreidd.

Velji hundaeigandi aðra tegund námskeiðs sem er dýrara en það sem hann greiddi fyrir upphaflega þarf hann að greiða mismuninn. Hafi hinsvegar sambærilegt námskeið hækkað í verði, þarf hann ekki að greiða mismuninn.

AFSLÁTTUR AF HUNDALEYFISGJÖLDUM

Til þess að afsláttur af hundaleyfisgjöldum standi hundaeiganda til boða þarf hann að hafa sótt að minnsta kosti 80% tíma námskeiðsins og ná bæði skriflegu og verklegu prófi.

ATHUGIÐ

Þessar reglur geta verið mismunandi eftir bæjarfélögunum.

NIÐURGREIÐSLA FRÁ STÉTTARFÉLAGI

Sum stéttarfélög bjóða allt að 50% niðurgreiðslu á námskeiðsgjöldum. Reglurnar eru mismunandi og eruð þið hvött til að hafa samband við ykkar stéttarfélag fyrir nánari upplýsingar. Oftast kallast þessi styrkur tómstundastyrkur.

ÁBYRGÐ Á NÁMSKEIÐUM

Mjög mikilvægt er að vita að hver hundur á námskeiði er á ábyrgð hundaeiganda.

Almenn lög og reglur um sjálfsábyrgð gilda ef um skaða eða slys er að ræða.

Ef þið eruð ósammála hundabjálfa í einhverju og viljið ekki gera það sem sagt er þá er það ykkar réttur. Hundabjálfi mun ekki gera athugasemdir við slíkt.

BÓKANIR Á NÁMSKEIÐ

Allar bókanir fara fram í gegnum tölvupóst eða bókunarkerfi á heimasíðu hundapjálfa.

Þegar bókun á námskeið berst okkur munum við senda ykkur staðfestingarpóst til baka með upplýsingum um greiðsluform.

Hafi staðfestingarpóstur ekki borist ykkur innan 4 daga þurfið þið að hafa samband við okkur. Þá hefur skráning að öllum líkindum ekki skilað sér.

TILKYNNINGAR

Viku fyrir námskeiðið munum við senda öllum þeim sem eru skráðir á námskeiðið tilkynningarpóst með nánari upplýsingum.

Ef um veikindi, eða ófyrirsjáanleg atvik verða, sem gera hundapjálfa ókleyft að mæta í tímann, mun hann útvega forfallahundapjálfa með sambærilega menntun og reynslu til að annast kennslu.

Verði því ekki við komið mun tíminn falla niður og tilkynning send þátttakendum með tölvupósti.

Ef forföll verða sama dag og tími á að fara fram verður tilkynning einnig send með sms.

Falli tímar niður verður námskeiðið lengt sem því nemur þannig að tímum verður bætt við enda námskeiðsins.

OFBELDI HUNDAEIGANDA

Hundaskólinn áskilur sér rétt til að veita viðvörðun og/eða vísa á brott hundaeigenda sem beitir hund ofbeldi.

„Óheimilt er að nota hvers konar tæki eða tól eða beita þau dýr sem þjálfa skal neinum þeim aðferðum eða þvingunum sem valda þeim sársauka eða hræðslu“¹

Ef um brottvísun frá námskeiði er að ræða fæst námskeiðið ekki endurgreitt.

HÁLSBAND OG TAUMUR

Allir hundar eiga að mæta með venjulegt hálsband. Hálsbönd sem þrengja að öndunarvegi eru ekki leyfileg á námskeiðinu.

Ekki er leyfilegt að mæta með flexi-taum á námskeið. Mælt er með venjulegum taum sem er 1.8 til 2 metrar á lengd.

¹ Úr 28 gr. Reglugerðar um aðbúnað og umhirðu dýra frá umhverfisstofun
<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/b7fd33650490f8cf00256a07003476bb/fb2a3248fb741f5200256f810052a965?OpenDocument>

ÁRÁSARGJARNIR HUNDAR

Hundar sem sýnt hafa árásgirni gagnvart fólki eða öðrum hundum eiga ekki að mæta á hefðbundið námskeið. Í slíkum tilfellum skal hundaeigandi hafa samband við hundapjálfa sem metur stöðuna fyrir hvern einstakan hund.

ÆSTIR/STRESSAÐIR/HRÆDDIR HUNDAR

Ef þinn hundur er mjög æstur, stressaður eða hræddur þarf að láta hundapjálfa vita áður en námskeiðið hefst svo hann geti gert viðeigandi ráðstafanir og/eða metið hvort viðkomandi hundur þurfi fyrst að fá einkatíma áður en hann kemur á almennt námskeið.

BÓLUSETNINGAR OG ORMAHREINSUN

Námskeiðið er í reiðhöll þar sem er mikill umgangur hunda og hesta. Þess er krafist að hundarnir séu fullbólusettir og hafi verið ormahreinsaðir áður en námskeiðið hefst. Ef langt er liðið frá ormahreinsun má kaupa aukaskammt í apóteki til að gefa. Sýna þarf heilsufarsbók hundsins í fyrsta tímanum. Athugið að hundar eiga vera bólusettir annað hvert ár og ormahreinsaðir árlega.